

Stjórn Héraðsskjalasafns Kópavogs

21. fundur 15. janúar 2004

Fundur var haldinn í stjórn Héraðsskjalasafns Kópavogs fimmtudaginn 15. janúar 2004 í húsnæðismálum þess að Hamraborg 1, 3. hæð, og hófst kl. 16.00.

Fundinn sátu stjórnarmennirnir Hilmar Björgvinsson formaður, Ólafur Jónsson og Hjörtur Pálsson auk Leós Ingasonar héraðsskjalavörðar. Formaður setti fund, en síðan var gengið til boðaðrar dagskrár sem var sem hér segir:

1. Húsnæðismál.
2. Kópavogsdagar og afhending gagna úr Bókasafni Kópavogs.
3. Starfsmannamál.
4. Fjármál.
5. Sögufélag Kópavogs.
6. Önnur mál.

Formaður bauð Ólaf Jónsson velkominn á fund í stað Gylfa Gröndal sem staddur var erlendis, en tók að því loknu fyrir fyrsta lið dagskrárinnar.

1. Húsnæðismál.

Húsnæðismál héraðsskjalasafnsins voru tekin til umræðu (sbr. 20. fg., 1.l.). Bæjarráð frestaði samþykkt leigusamnings fyrir það á fundi sínum 8. janúar sl. þar sem gerð hans var ekki að fullu lokið. Héraðsskjalavörður hefur unnið að honum ásamt fulltrúa leigusala og má hann nú heita frágenginn. Leigufjárhæð verður hin sama og áður á hvern fermetra. Húsnæðið verður afhent safninu til fullra nota 1. febrúar og fær það þá vonandi umráð yfir allri 3. hæðinni í Hamraborg 1. - Einnig var upplýst að á bæjarráðsfundi 8. jan. hefði verið frestað afgreiðslu á 2. l. 20. fg. varðandi aðstöðu til ljósmyndavinnu í héraðsskjalasafni.

2. Kópavogsdagar og afhending gagna úr Bókasafni Kópavogs.

- a) Héraðsskjalavörður skýrði frá því að Hrafn A. Harðarson hefði fyrir hönd Bókasafns Kópavogs óskað eftir samvinnu við héraðsskjalasafnið um sýningu vegna Kópavogsdaga næsta vor og var þeirri hugmynd vel tekið.
- b) Þá kom fram að Hrafn hefði 8. jan. sl. afhent héraðsskjalasafninu formlega skjöl, ljósmyndir og önnur gögn sem eftir stofnun þess virðast eiga þar best heima, en

hafa hingað til verið í vörslu bókasafnsins. Á fundinum var lögð fram greinargerð bæjarbókavardar, dags. 8. jan., um ástæður afhendingarinnar og hvaða gögn er um að ræða, en það eru m.a. skjöl varðandi Sögufélag Kópavogs sem stofnað var 1982, gögn um golffélagið fram að þeim tíma sem golfsamvinna hófst við Garðbæinga og ýmis skjalagögn varðandi leikfélagið, Kópavogskirkju, Framfarafélag Kópavogs o.fl. Bókasafnið hafði áður afhent héraðsskjalasafninu gögn og ljósmyndir og klukkutíma fyrir fundinn bárust enn gögn frá bókasafninu og auk þess töluvert af ljósmyndum frá Náttúrufræðistofu Kópavogs sem forstöðumaður hennar vildi láta ganga til héraðsskjalasafns. Stjórn þess þakkar bókasafninu og stofunni þessa búbót og fagnar því að fyrirnefnd gögn skuli nú komin á réttan stað í fullu samræmi við tilganginn og markmiðin með starfi héraðsskjalasafnsins.

3. Starfsmannamál.

Stjórnin ræddi starfsmannamál (sbr. 20. fg., 3.1.). Upplýst var að enn væri eftir að fullnægja ákveðnum formsatriðum varðandi ráðningu Kristínar Þorsteinsdóttur. Bæjarstjóri hefur fyrir sitt leyti afgreitt málið sem varðar heimild og samningsumboð. Málið er sem stendur í höndum starfsmannastjóra og var héraðsskjalaverði falið að ganga eftir því að frá því yrði gengið fyrir 1. febrúar.

4. Fjárhagsáætlun.

- a) Þar sem safnstjórnin hefur ekki enn fengið ráðstöfunarrétt yfir því framlagi af ríkisfé sem þjóðskjalaverði er árlega falið að ráðstafa til héraðsskjalasafna til ákveðinna verkefna var ákveðið að afla staðfesta upplýsinga frá honum um gildandi reglur og framkvæmd þar að lútandi og leita eftir álit hans, enda telur stjórnin óvíst að héraðsskjalasafnið njóti þessa framlags til lengdar verði það áfram látið renna í bæjarsjóð án þess að skýrt komi fram til hvaða sérstaka verkefnis safnið hafi notað féð.
- b) Fram var lögð lokagerð fjárhagsáætlunar fyrir safnið (sbr. 20. fg., 4.1.). Stjórnin samþykkti fjárhagsáætlunina, en formaður benti á að nokkur atriði væru óglögg í uppsetningu hennar og hugmyndum um framkvæmd, s.s. hvers vegna ekkert fé væri áætlað til tiltekinnna liða, en líklega til þess ætlast að kostnaður sem undir þá fellur yrði bókfærður á liði undir öðru heiti. Var undir það tekið og m.a. spurt hvers vegna notað væri heitið "aðrar húsaleigugreiðslur" þar sem einungis virtist átt við húsaleigugreiðslur.

5. Sögufélag Kópavogs.

Nokkuð var rætt um Sögufélag Kópavogs, sbr. 2.1.b, og undirbúning að stofnun sögufélags nú (sbr. 18. fg., 4.1.c og 19. fg., 5.1.). Það segir sig sjálfst að stjórnin metur alla viðleitni að varðveita hvers konar heimildir um sögu Kópavogs og vekja athygli og áhuga á henni og mun áfram fylgjast með þróun mála.

6. Önnur mál.

- a) Héraðsskjalavörður minnti á nauðsyn þess sem áður hafði borist í tal, að safnið kæmi sér smám saman upp nokkru handbókasafni fyrir starfsmenn og gesti vegna vinnu þar. Stjórnarmenn tóku undir það og samþykktu að stefnt skyldi að því að koma upp vísi að slíku safni.
- b) Héraðsskjalavörður nefndi að laga þyrfti lýsingu í skjalageymslu. Ræddar voru úrbætur.
- c) Fram kom að heimilaður fundafjöldi á nýbyrjuðu ári væri 8 fundir, sbr. greinargerð með fjárhagsáætlun.
- d) Ólafur Jónsson kvað það skoðun sína, sem hann vildi láta í ljós, að starfsemi safnsins hefði farið hægt en vel af stað. Það væri vaxandi stofnun og stefndi í rétta átt. Þökkuðu aðrir fundarmenn þann hlýhug sem í orðum hans fólst.

Fleira gerðist ekki.
Fundu slitið kl. 17.30.

Hilmar Björgvinsson
formaður

Hjörtur Pálsson
ritari

Ólafur Jónsson
meðstjórnandi

Leo Ingason
héraðsskjalavörður